



## Gistinóttum á hótélum fækkar en fjölgar mikið í Airbnb




Fjöldi gistinátta erlendra ferðamanna á hótélum hér á landi í nóvember nam 270 þúsundum, samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofunnar. Til samanburðar nam fjöldinn 272 þúsund á sama tímabili í fyrra og dróst fjöldinn því saman um 0,7% milli ára. Fyrsta ár uppsveiflunnar í ferðapjónustu hér á landi var árið 2011. Þessi samdráttur nú í nóvember er í fyrsta skiptið síðan fyrir uppsveifluna eða í desember árið 2010 sem fjöldi gistinátta erlendra ferðamanna á hótélum dregst saman á 12 mánaða grundvelli.

### Fjölgun gistinátta hefur verið hæg á síðustu mánuðum

Segja má að ákveðinn aðdragandi hafi verið á þessum samdrætti enda hefur vöxturinn á 12 mánaða grundvelli dregist verulega saman á síðustu ársfjórðungum. Í maí síðastliðnum fór vöxturinn undir tveggja stafa tölu í fyrsta skiptið síðan í júlí 2014 og hefur aukningin verið á bilinu 2,9-8,7% frá því í maí þangað til nú í nóvember. Minni fjölgun gistinátta hefur rímað ágætlega við talningar á fjölda ferðamanna inn í landið í gegnum Leifsstöð. Minni fjölgun gistinátta á hótélum hefur m.a. verið rakin til mikillar hækkunar verðs á hótulgistingu mælt í erlendri mynt. Þá hækkun má bæði rekja til styrkingar krónunnar á síðustu árum en einnig verulegra hækkana á verðskrá hótela í krónum. Þessu til viðbótar hefur mikill vöxtur í svokallaðri heimagistingu í gegnum erlendar bókunarsíður svo sem Airbnb líklega einnig haft töluverð áhrif á eftirspurn eftir hótulgistingu.

### Samdrátturinn var allur á höfuðborgarsvæðinu

Höfuðborgarsvæðið hefur lengi verið langstærsti hótulgistimarkaðurinn á landinu. Allar breytingar í fjölda gistinátta á höfuðborgarsvæðinu hafa því ávallt haft mikil áhrif á fjölda gistinátta á landinu í heild. Nú í nóvember fækkaði gistinóttum á höfuðborgarsvæðinu um 5%. Ef ekki hefði komið til samdráttur í fjölda gistinátta á höfuðborgarsvæðinu





hefði ekki mælst samdráttur í fjölgun gistingu yfir landið í heild heldur 3% vöxtur.

### **Fjölgun á öllum svæðum utan höfuðborgar**

Vöxturinn í nóvember á 12 mánaða grundvelli var mjög breytilegur milli svæða en það sem stendur kannski upp úr var að það mældist fjölgun á öllum svæðum utan höfuðborgarsvæðisins. Hugsanlega hefur framboð hótélherbergja þarna eitthvað um að segja enda hefur nýtingin verið mjög góð á höfuðborgarsvæðinu. Það má því ætla að erfiðara gangi fyrir ferðamenn að verða sér út um gistingu á höfuðborgarsvæðinu en flestum öðrum svæðum landsins. Svæði eins og Norðurland og Austurland upplifðu bæði ágætis vöxt í nóvember en þetta eru þau svæði landsins þar sem vöxturinn hefur verið hvað minnstur það sem af er ári. Þannig var vöxturinn rúmlega 28% á Norðurlandi og tæp 10% á Austurlandi en bæði þessi svæði hafa upplifað nokkra samdráttarmánuði á árinu. Þannig mældist samdráttur á öllu tímabilinu milli júní og september á Austurlandi. Norðurland hefur einnig upplifað samdrátt í öllum mánuðum milli júlí og október utan septembermánaðar.


### **Áfram mikil aukning í Airbnb gistingu**

Samkvæmt upplýsingum frá mælaborði Stjórnstöðvar ferðamála var veruleg fjölgun í framboði Airbnb gistingar milli ára í nóvember. Alls mældist fjöldi gistirýma í boði 3.274 í nóvember og fjölgaði þeim um 326 eða 11% milli ára. Aukningin var hlutfallslega enn meiri á landsbyggðinni eða 51%, fór úr 1.691 rými í 2.558. Gistingu í Airbnb jukust um 59 þúsund milli ára á sama tíma og gistingu á hótélum fækkaði um 2 þúsund. Það er því ljóst að Airbnb er að auka hlutdeild sína á innlendum gistingu.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.



Fjölgun á 12 mán. grundvelli  
Heimild: Hagstofa Íslands